



Hrunamannahreppur.

Samþykkt fyrir samráðshóp um málefni aldraðra í Hrunamannahreppi.

1. gr. Umboð

Samráðshópur um málefni aldraðra í Hrunamannahreppi starfar í umboði sveitarstjórnar með þeim hætti sem nánar er kveðið á um í samþykkt þessari.

2. gr. Verksvið

Samráðshópurinn skal vera sveitarstjórn og nefndum Hrunamannahrepps til ráðgjafar um málefni og hagsmuni eldri borgara í sveitarfélaginu. Auk þess að vera til ráðgjafar getur ráðið beint tillögum og ályktunum til sveitarstjórnar og nefnda. Samráðshópurinn er ekki framkvæmdaaðili.

3. gr. Hlutverk og markmið

Samráðshópurinn er vettvangur samráðs eldri borgara, félagasamtaka þeirra, atvinnulífs og sveitarstjórnar og er virkur þátttakandi í allri stefnumörkun málaflokksins. Samráðshópurinn er ráðgefandi fyrir starfsemi sveitarfélagsins í málaflokknum og stuðlar, í samstarfi við stofnanir á vegum sveitarfélagsins, að eflingu félagsauðs og kynningu á þjónustu sveitarfélagsins til eldri borgara.

Helstu markmið eru:

- Samráðshópurinn stuðlar að skoðanaskiptum eldri borgara og kjörinna fulltrúa um stefnu og framkvæmd málefna eldri borgara í Hrunamannahreppi.
- Samráðshópurinn stuðlar að heilbrigðri öldrun og sjálfstæðu lífi.
- Samráðshópurinn stuðlar að aukinni samstöðu milli kynslóða til að skapa samfélag fyrir alla aldurshópa.
- Samráðshópurinn leitast við að tryggja að aldraðir fái þá þjónustu sem þeir þarfnast.
- Samráðshópurinn hefur að leiðarljósi markmið laga um málefni aldraðra.
- Samráðshópurinn gerir tillögur til sveitarstjórnar um öldrunarmál.
- Samráðshópurinn er tengiliður við Öldungaráð Uppsveita og Flóa.



Hrunamannahreppur.

4. gr. Skipan

Samráðshópurinn er skipaður 5 fulltrúum. Sveitarstjórn tilnefnir tvo fulltrúa og Félag eldri Hrunamanna tilnefnir 3 fulltrúa. Sveitarstjórn skipar formann ráðsins en samráðshópurinn skiptir að öðru leyti með sér verkum. Kjörtímabil samráðshópsins er hið sama og sveitarstjórnar.

5. gr. Boðun funda og fundarsköp

Samráðshópurinn skal að jafnaði halda fjóra fundi á ári auk árlegs fundar með sveitarstjórn. Formaður getur boðað til aukafunda eftir þörfum. Formaður samráðshópsins boðar til funda, ákveður dagskrá og stýrir fundum hópsins. Á dagskrá skulu m.a. tekin mál sem fulltrúar í hópnum hafa óskað eftir að tekin verði fyrir enda séu þau á verksviði ráðsins. Fundir skulu boðaðir með a.m.k. tveggja sólarhringa fyrirvara og skal dagskrá fylgja fundarboði. Rafræn boðun fundar og útsending fundargagna telst fullgild boðun.

Hópurinn getur boðað til fundar einstaka starfsmenn Hrunamannahrepps sem og aðra þá sem það telur þörf á hverju sinni. Um fundarsköp og önnur atriði gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga og samþykkt um stjórn sveitarfélagsins Hrunamannahrepps.

Fundarseta er launuð sem almenn nefnd á vegum Hrunamannahrepps.

Samráðshópurinn skal halda gerðabók og senda afrit fundargerða til sveitarstjórnar jafnóðum.

6. gr. Réttindi og skyldur nefndarmanna

Um hæfi fulltrúa samráðshópsins gilda ákvæði 20. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, II kafli stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 og samþykkt um stjórn Hrunamannahrepps og fundarsköp sveitastjórnar. Við undirbúning mála og stjórnvaldsákvæðanir skal þess gætt að farið sé að stjórnarsýslulögum og verklagsreglum um stjórnarsýslu.

Samþykkt á fundi sveitarstjórnar Hrunamannahrepps þann 5. maí 2022